

leyfðu honum svo að fara. Athuguðu þeir hraða bifreiðarinnar nokkuð á leið og hafa borið að hann hafi á spotta, ekki verið undir 50—60 km. miðað við klukkustund.

Kærður í málinu er bifreiðarstjóri á bifreiðinni R. E. 148 og hefir hann synjað fyrir að hafa farið á þessum hraða. Kveðst hann hafa farið frekar hægt, þetta 30—35 km. miðað við klukkustund, eftir því sem mælir bifreiðar sinnar hafi sýnt.

Að tilhlutun lögreglunnar voru mælir bifreiðanna prófaðir af bifreiðaeftirlitsmönnum og reyndist mælirinn réttur á bifreið Steindórs. Mælirinn á bifreið kærðs reyndist aftur á móti vera ónýtur og verka ekki og gátu visirarnir ekki komizt hærra en á 35 mílur. Viðurkendi þá kærður að mælirinn hafi verið í þessu ástandi síðan hann tók við bifreiðinni síðast í apríl s. l.

Með framangreindum vitnaframburði verður að teljast sannað að kærður hafi brotið ökuhraðareglur bifreiðalaganna, 6., sbr. 14. gr. og 46., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar á stórkostlegan hátt. Þykir refsing hans, sem einu sinni áður hefir verið sektaður fyrir of harðan akstur, svo kunnugt sé, hæfilega ákveðin 80 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 4 sólarhringa. Málskostnað greiði kærður einnig.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 21. október 1935.

Nr. 99/1935. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)

gegn

Snorra Halldórssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Ölvun á almannafæri.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. maí 1935: Kærður, Snorri Halldórsson, greiði 400 króna sekt til Menningar-sjóðs. Sektin greiðist innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu

dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 40 daga.

Kærður greiði allan málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða lögregluréttardóms, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessu verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 40 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði, Snorri Halldórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Garðars Þorsteinssonar, 40 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Snorra Halldórssyni, verkamanni, til heimilis Lindargötu 9 hér í bæ fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33, 1935, og eru málavextir þeir, er hér greinir.

Í gærkveldi klukkan 10,20 var hringt á lögreglustöðina frá veitingarhúsinu White Star, beðið um aðstoð til að

koma þaðan út ölvuðum manni. Þegar lögreglan kom á vettvang var henni bent á kærðan og tók hún hann þaðan út og setti hann í varðhald. Var hann þá að vitnisburði beggja lögregluþjónanna, er handtóku hann, til áberandi hneykslunar á veitingahúsinu, vegna ölvunar sinnar. Hefir kærður og sjálfur viðurkennt ölvun sína.

Kærður hefir hér í lögsagnarumdæminu sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1928	%	sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.						
—	$1\frac{1}{6}$	— 50	—	—	—	—	—	—
1930	$1\frac{3}{8}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$1\frac{6}{8}$	— 50	—	—	—	—	—	—
1931	$2\frac{6}{11}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$1\frac{0}{12}$	— 50	—	—	—	—	—	—
1932	$\frac{8}{1}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$1\frac{8}{1}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$\frac{9}{2}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$2\frac{4}{3}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$\frac{9}{9}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$2\frac{9}{10}$	— 50	—	—	—	—	—	—
1933	$1\frac{9}{2}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$3\frac{1}{3}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$\frac{3}{4}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$2\frac{3}{4}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$\frac{1}{5}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$1\frac{3}{5}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$\frac{5}{10}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$\frac{7}{10}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$1\frac{2}{10}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$2\frac{9}{10}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$\frac{8}{11}$	— 50	—	—	—	—	—	—
1934	%	— 200	—	—	—	—	og ólöglegt áfengi í vörslu.	—
—	$2\frac{4}{6}$	— 50	—	—	—	—	á almannafæri.	—
—	$\frac{9}{2}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$\frac{9}{11}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$1\frac{3}{11}$	— 50	—	—	—	—	—	—
—	$\frac{7}{12}$	Kærður fyrir ölvun innanhúss. Visað frá opinb. meðferð.						
—	$2\frac{0}{12}$	sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.						
1935	$\frac{7}{1}$	— 50	—	—	—	—	—	—

1935	$1\frac{1}{4}$	sæti 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
—	$1\frac{3}{4}$	— 50 — — — — — — —
—	$2\frac{1}{4}$	— 50 — — — — — — —
—	$\frac{3}{2}$	— 25 — — — — — — —
—	$\frac{9}{2}$	— 25 — — — — — — —
—	$10\frac{1}{2}$	— 25 — — — — — — —
—	$20\frac{1}{2}$	kærður fyrir ölvun. Látið niður falla.
—	$\frac{1}{3}$	— — — — — — —
—	$\frac{2}{3}$	sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
—	$1\frac{3}{3}$	— 25 — — — — — — —
—	$2\frac{3}{3}$	kærður fyrir ölvun. Látið niður falla.
—	$2\frac{4}{3}$	sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
—	$2\frac{8}{3}$	— 25 — — — — — — —
—	$2\frac{5}{4}$	— 25 — — — — — — —
—	$\frac{1}{5}$	— 25 — — — — — — —
—	$\frac{3}{5}$	— 25 — — — — — — —

Framangreint brot kærðs varðar við 18. gr., sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33, 1935, og þykir refsing hans með hliðsjón af hinum tíðu ítrekunum hæfilega ákveðin 400 króna sekt til Menningarsjóðs. Sektin greiðist innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, en aflánist ella með einföldu fangelsi í 40 daga.

Kærður greiði og allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 23. október 1935.

Nr. 34/1935. **Bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda (Einar B. Guðmundsson).

Útvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 11. marz 1934: Hið umbeðna lögtak á ekki fram að ganga.